

# Skeljungur hf. - framboð maí 2019 - 2020

## I. Framboð til stjórnar Skeljungs:

### Ata Maria Bærentsen

<i>Fæðingardagur:</i>	24. september 1983.
<i>Fyrst kjörin í stjórn:</i>	mars 2019.
<i>Menntun:</i>	B.A. (2007) og Mag.jur gráðu (2010) í lögum frá Kaupmannahafnarháskóla. Réttindi til að starfa sem lögmaður í Danmörku (2014).
<i>Aðalstarf:</i>	Yfirlögfræðingur, ritari stjórnar og framkvæmdastjórnar hjá NNIT A/S, sem er danskt skráð upplýsingatæknifyrirtæki.
<i>Starfsferill:</i>	Yfirlögfræðingur hjá Copenhagen Airports (A/S) til 2014-2017, lögmaður hjá Gorrissen Federspiel lögmannsstofu í Kaupmannahöfn, 2012-2014, lögfræðingur í danska utanríkisráðuneytinu, 2010-2012, og löglærður aðstoðarmaður færeysks þingmanns í danska Þjóðþinginu 2008-2010.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Engin.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Engin.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Ata Maria óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

### Baldur Már Helgason

<i>Fæðingardagur:</i>	6. mars 1976.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	Mars 2018.
<i>Menntun:</i>	C.s. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Löggilt próf í verðbréfamíðlun.
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri viðskipta hjá Reginn hf.
<i>Starfsferill:</i>	Framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingafélags 2017-2019. Fjárfestingarstjóri á framtakssjóðasviði hjá Auði Capital 2009-2016, þar sem hann stýrði fjárfestingum og sölu á óskráðum fyrirtækjum og sat í stjórnnum ýmissa félaga eins og Securitas, Já, Domino's og Íslenska gámafélagsins. Fjárfestingastjóri hjá Íslandsbanka 2000-2009, þar sem hann starfaði um helming tímans á skrifstofum bankans í Kaupmannahöfn og New York.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Í varastjórn Sýnar hf.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Stjórnarseta hjá dótturfélagi Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Baldur óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.



## Birna Ósk Einarsdóttir

<i>Fæðingardagur:</i>	9. apríl 1976.
<i>Fyrst kjörin í stjórn:</i>	maí 2015.
<i>Menntun:</i>	B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, AMP (Advanced Management Program) frá IESE Business School 2015.
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri Customer Experience hjá Icelandair hf.
<i>Starfsferill:</i>	Ýmis sérfræði- og stjórnunarstörf hjá Símanum frá árinu 2001, t.a.m. kynningafulltrúi, ráðningastjóri, stjórnendaráðgjafi, forstöðumaður verkefnastofu og markaðsmála, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs og framkvæmdastjóri vöru- og nýsköpunarsviðs og framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar 201-2018. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og viðskiptaþróunar hjá Icelandair 2018.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Engin.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Stjórnarseta hjá dótturfélagi Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Birna Ósk óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

## Jens Meinhard Rasmussen

<i>Fæðingardagur:</i>	29. júlí 1974.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	maí 2014.
<i>Menntun:</i>	Skipstjórpróf frá Faroese Maritime Academy, Tórshavn 1997. Cand. Jur. frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 2005.
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri Skansi Offshore.
<i>Starfsferill:</i>	Fyrsti stýrimaður hjá Bornholmstrafikken A/S 2002-2004, skipamiðlari hjá Atlantic Shipping 2005-2006 og framkvæmdastjóri Skansi Offshore frá 2006.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Stjórnarformaður P/F Smyril Line, Magn og the Faroese Merchant Shipowners Association, meðstjórnandi hjá International Chamber of Shipping.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstörf og stjórnarformaður dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Jens Meinhard er stjórnarformaður Smyril Line A/P, sem er viðskiptavinur Magn P/F, dótturfélags Skeljungs í Færeyjum.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jens Meinhard óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.



## Jón Ásgeir Jóhannesson

<i>Fæðingardagur:</i>	27. janúar 1968.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	Ekki setið í stjórn Skeljungs áður.
<i>Menntun:</i>	Próf frá Verzlunarskóla Íslands.
<i>Aðalstarf:</i>	Fjárfestir.
<i>Starfsferill:</i>	Stofnandi Bónus. Forstjóri og stjórnarformaður Haga og síðar Baugur Group. Víðtæk reynsla af stjórnarstörfum, m.a. fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord, auk fjölda innlendra félaga. Sjálfstæður fjárfestir og ráðgjafi.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Varamaður í stjórn 365 miðla hf. Prókúruhafi Apogee ehf.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	365 miðlar hf. eiga, við ritun þessa skjals, 93.000.0000 hluti í félaginu, auk þess að fara með 122.500.000 hluti í gegnum framvirka samninga. Samtals 10,01% af hlutafé Skeljungs. 365 miðlar hf. eru í eigu eiginkonu Jóns Ásgeirs, Ingibjargar Pálmadóttur.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Engin.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Félag í eigu eiginkonu Jóns Ásgeirs, Ingibjargar Pálmadóttur, á um 1,5% hlut í Högum, sem er eigandi Olíuverslunar Íslands (Olís).

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jón Ásgeir óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en háður stórum hluthafa í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

## Kjartan Örn Sigurðsson

<i>Fæðingardagur:</i>	1. janúar 1975.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	mars 2019.
<i>Menntun:</i>	BA í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands (2001). MBA grá frá Háskóla Íslands (2017).
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri SRX ehf. og framkvæmdastjóri Verslanagreiningar hf.
<i>Starfsferill:</i>	Forstjóri Egilsson hf., 2008-2012. Framkvæmdastjóri hjá Hans Petersen, 2007-2008. Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Strax Ltd., 2001-2007, í Evrópu. Markaðsstjóri hjá B&L, 1996-1999. Kjartan hefur setið í stjórnnum félagasamtaka og fyrirtækja, m.a. stjórn Samtaka atvinnulífsins, fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins, bæjarstjórn og stjórn Strætó Bs.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Í stjórn SRX ehf., stjórn SRX Hús ehf., stjórn Verslanagreining ehf., er hluthafi og sinnir trúnaðarstörfum fyrir Viss ehf., varabæjarfulltrúi í Garðabæ, varamaður í skipulagsnefnd Garðabæjar og varamaður í stjórn Strætó Bs.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Engin.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Kjartan Örn óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.



## Sandra Hlíf Ocares

<i>Fæðingardagur:</i>	13. september 1980.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	Ekki setið í stjórn Skeljungs áður.
<i>Menntun:</i>	BA og MA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands.
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri íslenska byggingavettvangsins.
<i>Starfsferill:</i>	Framkvæmdastjóri viðskiptapróunar hjá Fasteignafélaginu Eik árið 2018, sjálfstætt starfandi lögmaður árið 2017 en þar áður yfirlögfræðingur Plain Vanilla á árunum 2013-2017. Fyrir þann tíma var Sandra í lögmenntu og a tíma framkvæmdastjóri þjónustusviðs Alterna.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 2018, seta í barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar og í stjórn hjá ÍV sjóðum 2018, VÍS 2017 og Icelandic Gaming Industry 2015-2016.
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Engin.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Sandra Hlíf óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess og jafnframt óháð stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

## Þórarinn Arnar Sævarsson

<i>Fæðingardagur:</i>	18. júlí 1969.
<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	Ekki setið í stjórn Skeljungs áður.
<i>Menntun:</i>	Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari. Próf frá Vélskóla Íslands og Skipstjórnarskólanum, auk flugnáms.
<i>Aðalstarf:</i>	Stjórnarformaður Kaldalóns hf., löggiltur fasteignasali og svæðisstjóri RE/MAX á Íslandi og ráðgjafi hjá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf. Fjárfestir.
<i>Starfsferill:</i>	Fjórtán ára reynsla við sjávarútveg og tæplega tuttugu ára reynsla af fasteignamarkaði, tengt kaupum, sölum, umbreytingu og þróun fasteigna, auk fjárfestingaverkefna í ráðgjafafyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum og tæknifyrirtækjum. Stofnun fasteignasölukeðju á Íslandi og erlendis. Helst má nefna að Þórarinn er sérleyfishafi Remax á Íslandi, eigandi og stjórnarmaður, eigandi að Kontakt fyrirtækjaráðgjöf og eigandi og stjórnarmaður fjárfestingafélaganna Loran ehf., RPF ehf. og IREF ehf.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Sjá hér að ofan
<i>Eignarhlutur í Skeljung:</i>	Í gegnum fjögur félög heldur Þórarinn og tengdir aðilar á 148.999.909 hlutum í Skeljungu eða 6,92%.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Engin.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Tæplega 10% eignarhlutur í Kviku banka, sem á við ritun þessa skjals 8,89% hlut í Skeljungu.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Þórarinn óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og jafnframt óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

